## Efnisyfirlit 2. árg. — Framhald



| Efnisyfirlit 2. árg. | Blaðsíðu tal | Nöfn |
|---|---|---|
| Vísu helmingar | 57 | Sigtryg Benediktsson |
| Vísu helmingar | 57 | Jón Einarsson |
| Um sparsemi | 59 | Björn L. Jónsson |
| Um skaðsemi tóbaks | 68 | Jónas B. Jónsson |
| Um Íþróttir | 70 | Jóhann Fr. Jónsson |
| Molar | 74 | Jón Einarsson |
| Leitið að listinni | 76 | Kristín Kristjánsdóttir |
| Mannfundir | 77 | Páll Kristjánsson |
| Þingvellir | 80 | Páll Kristjánsson |
| Hvort er betra að vera ánægður eða óánægður með sjálfan sig | 83 | Gudm. Jónsson |
| Til skemtunar og fróðleiks | 84 | Gudm. Jónsson |
| Sundurlausar hugsanir um æskuna | 86 | Elinborg Guðmundsdóttir |
| Nokkur orð um Sambandslögin | 87 | Björn L. Jónsson |



Jón Einarsson



# Ásar

## Blað U.M.F. Framtíðin

3. Árgangur 1921

Ritstj. Jón Einarsson

# Ásar
## Blað U.M.F. Framtíðin

3. árg. 1921. 1. tbl.

## Á víð og dreif

Mjer þótti töluvert gaman og mikil nýbreitni í því að heyra það við upp lestur „Ása" að tveir unglingar völdu til ritgerðar Sambandslög Danmerkur og Íslands. því oftast hefir umræðu efnið í blaðinu verið eitthvað sem stutt var í að seilast. Að (Auðvitað er eg ekki að lasta það)
Eg varð hálf hissa þegar einn góður fjelagsbróðir sagði um leið og hann stóð upp til að halda ræðu, að sér fyndist að landspólitík ætti ekki erindi til unglinganna.
Þessarri skoðun er eg algjörlega mótfallinn, því mega þeir yngri ekki láta skoðun sína opinberlega uppi?
Mjer finst þeir með þessu lýsa því, fyrst og fremst að þeir hafi hugsað töluvert um málið, og jafn vel meira en margur hver sem atkvæði greiddu í máli þessu, því það er eg viss um að margir hafa greitt atkvæði, sem als ekki hafa lesið Sambandslögin eða neitt máli því viðvíkjandi, og þaðan af síður brotið til mergjar afstöðu sína í því
Mjer er fyllilega ljóst að þessir tveir unglingar hafa



ekki einungis hugsað um málið, heldur skapað sjer fasta skoðun í því, og það er mest um vert.
Svona ritgerðir finst mjer að mörgu leyti mjög góðar, því þær þroska andann og glæða umhugsun um landsmál yfir leitt, sem er óneitanlega það sem hver einasti einstaklingur á að gera, þó ekki sé fyrir yfirstandandi tíma, þá fyrir þann ókomna
Eiga menn fyrst að fara að hugsa um landsmál þegar þeir hafa öðlast kosningar rjett?
Eða hvar eru takmörkin á því?
Auðvitað hefi eg heyrt marga ~~segja~~ taka svo til orða, að „hvað komi sjer þettað og þettað við, þar sem þeir hafi ekki atkvæðis rjett í málinu"
Er þettað rjett hugsun? Eg vildi helst óska að sem flestar ritgerðir kæmu um ýms landsmál, sjerstaklega frá þeim yngri. Nú ætla eg ekki að þreyta lesendur „Ása" á þessu frekar nú að sinni
Þá ætla eg að víkja máli mínu dálítið inn á aðra braut
Í blaðinu „Ásar" hafa oft heyrst raddir um ýms íþrótta mál og mætti þar á meðal nefna Sund, glímur, fótbolta, sömuleiðis góð ritgerð um skák listina Sjálfsagt hefði verið hægt fyrir ýmsa fjelagsmenn að iðka eitthvað af þessu en hvernig standa sakir?
Nú er þegar búið að samþykkja að fjelagið búi sjer fyrir

fjárstyrk til fyrirhugaðs Íþrótta skóla Íslands sem
stofna á. Annars það hefði ekki verið frekari þörf fyrir
okkur að líta nær og reyna t.d. að hrinda sundmálinu
betur áfram með ráðum og dáðum innan félagsins okkar
þrátt fyrir það þó íþróttaskólamálið sé sjálfsagt mjög
gott, þá stendur hitt nær okkur, en kraftarnir eru
smáir. og ég veit að engum blandast hugur um það
að ~~fala~~ þöguer og holl íþrótt er sundið og víðast hvar
hagar svo til að hægt er að búa til með litilli fyrirhöfn
nálægt heimilinu poll sem hægt er að fleyta sér í.
Fólk verður svo miklu viljugra á því að fara stöku sinnum
í vatn (þó ekki sé til annars en að skola af sér óhreinindi)
ef það kann að fleyta sér eitthvað, og er það mjög eðlilegt.
Mér hefði ekki þótt það neitt óviðeigandi þó félag okkar
hefði beitt sér að einhverju leyti fyrir máli þessu,
þar sem jafn þægileg afstaða er fyrir þá félagsmenn
sem vilja komast niður í þessari íþrótt.
Svo kemur okkar gamla og góða íslenska glíma.
Jæja ég held að það sé nú aveðanlegt að einhver fjörbrot
nú að myndast hjá þeim yngri að fara eitthvað að æfa sig
í henni gömlu íþrótt sem hefir dottað svo lengi hjá hjá
okkur Húnvetningum, og ég vil vona félagsins vegna að það
verði meira úr. því en á pappírnum
Fótbolti hefir dálítið verið æfður. og er ílt að hann skyldi



leggjast niður nú á síðasta sumri, en ég geng út frá
því að hann komi í gang aftur, því mér virðist
töluverður áhugi fyrir honum innan félagsins.
Þá nefndi ég hér að framan skáklistina annars það væri
ekki meiri skemtun þegar menn koma hver til annars
að setja upp skák, heldur en að taka spil,
lofa þeim að liggja kyrrum á hillunni mönsta
kosti við og við

Gudm. Sigurdsson

## Spurning

Er lífið forlög frivilji orsök og afleiðing eða hvað

## Svar

Spurning þessi er í raun og veru fjórir liðir
eða jafn vel fjórar sjálfstæðar spurningar.
Koma þá forlögin fyrst til greina Ýmislegt bendir á
að forlög séu til. „Engin má sköpum renna“ stendur þar,
þettað er hrein og bein forlaga kenning.
Allir hafa heyrt getið um spilalagningar og lófalestur.
og ymsir halda því fram að slíkar spár gangi eftir á stundum
og er því eigi að neita að í einstöku til fellum virðist það vera
svo

hvort sem það er tilviljun ein eða eigi, en sé það
ekki tilviljun ein bendir það ótvírætt á forlög.
Ef þau væru ekki til er tæpast hugsanlegt að eitt einasta
óframkomið atvik yrði séð í spilum eða lófum.
En hvað sem þessu líður, þá er það víst að ~~ve~~ of mikil
forlagatrú getur verið skaðleg fyrir manninn í verstu
tilfellum. Forlagatrúarmaðurinn berst frekar undan
straumnum í ýmsum tilfellum. Forlagatrúin sljógvar
sómatilfinninguna og lamar viljaþrekið, sé hún of sterk
ef eitthvað skaðlegt hendir manninn sem hann þarf að ~~tr~~
hrinda af sér, þá er hætt við að hugtak mannsins verði eitt-
-hvað á þessa leið. Já svona er nú komið í þessu hef eg
lent, þetta eru forlög, þau verða að ráða því hvort eg
fer, eða hvort mig ber að landi eður eigi.
Þetta er alvarleg og hættuleg hugsun. Þá kasta forlögin
myrkri yfir sálina og þá er illa farið.
Annars ber eigi að taka orð mín svo, að eg ætli hér að leggja
ákveðinn dóm á það hvort forlög ~~séu~~ til eða eigi, nei því
fer fjarri, eg ætla aðeins að drepa á það allra augljósasta
sem eg sé bæði með og móti og lofa svo hverjum einum
að halda það er honum synist réttast um mína samfær-
-ingu þessu viðvíkjandi. Þó hins vegar að eg gangi út frá
því sem gefnu að eg segi ekki hugur spyrjandans, með
slíku svari. En hitt er víst að hófleg forlagatrú gerir



engum mein og mörg atvik sem fram koma við okkur
í daglegu lífi virðast benda á forlög þó fleira mæli þó á
móti. Veigamesta atriðið gagnvart forlagatrúnni er það
af hvaða afli heimi sé stjórnað og hvernig.
Einkennilegt er það að þeir sem virðast vera trúhneigðir
eða trúmenn eru jafnvel meira forlagatrúar en hinir
sem virðast trúlitlir eða -lausir og flestum eða öllum
forlagatrúarmönnum kemur saman um það að for-
-lögin séu af guði gefin og það virðist einmitt hið eðli-
legasta af þessu öllu saman ef það er athugað.
Öllum þeim sem annars trúa á guð hlýtur að koma sam-
-an um það að guð sé <u>réttlátur</u> og <u>góður</u> og samkvæmt
því er eðlilegt að hann ákveði forlög manna, því efalaust
eru þau af fleiru en einu tagi þau hljóta að vera bæði
góð og vond. Haldið þið t.d. að það séu forlög eins, að
vera góður maður laus við alla heimsins óráðvendni og
hleypidóma. En forlög ~~eins~~ annars að vera þjófur eða illmenni
að það sé samkvæmt eðli guðs og réttlæti að ákveða
þannig forlög manna, eg fæ ekki séð að það geti verið
sannur trúmaður að neinu leyti sem svarar slíku játandi;
því öll vitum við það, að mjög mikið er til af syndum og
löstum í heiminum, og sjálfsagt miklu meira en af hinu
góða. Annars virðist svo sem trúleysi sé mjög að færast í
vöxt í heiminum, og er eðlilegt að slíkt séu forlög af guði

ákvedin þarf meira að segja ekki að fara langt aftur í
tímann til að sanna þetta um trúleysi manna.
Ekki eru t.d. mjög mörg ár síðan að iðuglega var lesin
húslestur, svo að segja á hverjum bæ, en hversu mörg
heimili hafa ekki lagt þennann sið niður. Mjer finst
að eigi sé öfgar þó áætlað sé að nú sé ~~að nú~~ alsekki venja
að lesa nema á þriðja hverjum bæ sem staðar ekki einusinni
á jólunum eða öðrum hátíðum, nú á tímum sjást jólin
aðallega á matar eða kaffi borðinu og klæðaburði kvenna
og þeirra sem ekki þurfa í neitt gróft að ganga. En erfitt
á eg með að viður kenna að það séu trúmenn eða konur
sem helst eða alsekki vilja heyra guðsorð hvað sem annars
kann að mega segja um áreiðanleik ritningarinnar á
ýmsum stöðum, þá er eitt víst og það er það að ekki getur
það haft nein slæm áhrif á nokkurn mann að hlusta á
húslestur
Sný ég svo að öðrum lið spurningarinnar er lífið ófrjálst?
Hvort sem menn vilja játa eða neita forlögunum er tæplega
mögulegt að hugsa sér annað en í lífinu sé mjög mikið af
frivilja. Alveg er t.d. óhugsandi að hvert og eitt smá at-
-vik lífsins sé forlög, og þá um leið er fengin næstum full-
-komin vissa fyrir að mjög mikið af lífsviðburðunum sé
frivilji, en annað mál er það hvort viðburðirnir eru í
raun og veru frivilji, eða orsök og afleiðingar það virðist



svo erfitt að draga þar skarpa línu á milli, í mörgum
greinum að eg leiði að mestu kosti minn hest frá
slíku og ætla eg því að fara nokkrum orðum um þettað
tvent í sameiningu jeg hefi heyrt fyrir nokkru síðan
vorið (1913) mjög skarpar umræður um forlög og frivilja
á milli 2ja manna, fylgdu þeim við ræðum svo mikill
hiti og æsingar á báðar hliðar að það er mér altaf minnis-
-stætt síðan annar hélt því t.d. fram að veikindi væru
forlög og ekkert annað og færði þar til rök sem eg ætla
ekki að til greina en það er eitt af því sem mjer er
alveg ómögulegt að sjá að geti átt sér nokkurn stað,
finst mér að lasleiki manna eða veikindi beinlínis heyra
undir orsakir og afleiðingar því allir vita að þau eru
heldur ekki frivilji
Einnig er tæplega hægt að ímynda sér að aldurstakmörk
manna sé nokkrum takmörkum bundin í upphafi
það hlýtur sömuleiðis að teljast undir orsakir og afleiðingar,
og er það svo auðljóst að eg tel ekki þýða að færa að því
frekari rök Um friviljann mætti margt segja en ekki ætla
eg að lengja mikið þessa grein með því það virðist liggja
svo í augum uppi að fjölda mörg atvik séu að eins
frivilji, að slíkar umræður yrðu frekar til að eða rúmi í
~~blað~~ blaðinu. Getur t.d. nokkurt ykkar neitað því að það
sé ekki frivilji ykkar allra að hafa komið hingað á fundinn

i dag eg vona að engin hafi komið nauðugur eða með valdi leiddur svona matti halda áfram að telja í allann dag og lengur, en ég sleppi því og þá kemur loks síðasti og erfiðasti liður þessa máls. Hvað er lífið.
Þetta er atriði sem við öll og allir þeir sem lifað hafa og lifa munu beyast við að leysa úr en fullnægjandi svar er mér vitanlega ekki fundið enn. "Hvað er líf og hvað er heimur„ segir Kr. Jónsson. Þið kannist líklega öll við svarið „lífið er leiðsla og draumur" segir Páll Ólafsson.
„en bak við fjöllinn himinhá hefir enginn séð" og það er gátan „enginn getur beðið með að lifa þar til lífið fyrst sé skilið" segir höfundur bókarinnar „Innfall líf" bls. 25 og það er óhrekjandi sannleikur.
Annars er þessum lið spurningarinnar ofaukið minsta kosti hér, jafnvel alstaðar, og hér sannast bókstaflega „spyr sá sem ekki veit" því það ætla eg að spyrjandi viti þetta ekki betur en hinir

Sigtr. Benediktsson

# Felagsskapur

Mikill kostur er það á hverjum manni að hann sé felagslyndur, vegna þess að þá er betra fyrir þá að koma sínum áhuga malum í



fram kvæmd og matti mörg dæmi til þess nefna og mun eg láta eitt koma hér. Á þrellandu öld var var höfðingja setur eitt nordan til á Svisslandi er Habsborg hét. Þar réðu fyrir greifar og hét einn þeirra Rudolf og var kosinn til keisara yfir Þyskalandi 1273. Eftir komendur Rudolfs keisara vildu ná Svisslandi undir sig, en Svisslendingar vildu eigi gjörast þegnar þeirra og ráku valdsmenn keisaranna úr landi. Árið 1307 sonurst þrjú fylki í felagsskap til að verja sjör og frelsi. Keisaranna fóru margar her ferðir til Svisslands, en bændur vörðust vel þó fámennir væru svo þjóðverjar unnu þá ekki. Árið 1386 stóð orusta á milli Svisslendinga og Þjóðverja sem einkum er við fræg.
Hertogi nokkur á Þyska landi réð á Svisslendinga og hafði mikið lið og fritt, þar voru 4000 riddarar með járn hlífar frá hvirfli til ilja. Riddarar gengu fram í fylkingu maður við mann og höfðu spjótin fyrir sér.
Svisslendingar féllu á kné og báðust fyrir. Þá mæltu riddarar „nú falla þeir á kné kotungarnir, og beiðast miskunar" Þá spruttu bændur á fætur og réðust á riddarana en unnu eigi á, því riddarar stóðu fast fyrir og hlífarnar dugðu vel þá beigðu riddarar saman fylkingararmana og vildu um kringja bændur. Þá mælti Svisslendingur einn er Arnold Vinkelried hét. „Eg skal ryðja yður braut, en þér sjáið síðar á með

konu minni og börnum." Því næst hljóp hann á riddarana sem harðast, en þeir lögðu til hans mörgum spjótum og unnu á honum, en af þessari viðureign varð hlið á ~~fyk~~ fylkingu riddaranna, ruddust Bændur þarinn og börðust ~~með~~ sem óðir væru og fengu sigur en hertoginn féll og margt manna með honum þannig tókst Svisslendingum að vernda þjóðfrelsi sitt með kraft[i] og bróður legum samtökum.

Af þessu sést að fáir geta áorkað ótrúlega miklu ef þeir eru félagslyndir og nógu samtaka. Enn séu menn ófélagslyndir og geta ekki unnið hver með öðrum að sínum áhuga málum verður lítið ~~úr~~ um framfarir, sumt stendur í stað, sumu fer aftur og flestir menn verða á eftir tímanum. Íslendingar eru fremur ófélagslyndir enda eru þeir á eftir sínum nágrannaþjóðum í flestu

Ungmennafélagsskapurinn sem er orðinn talsverður hér á landi ætti að bæta úr þessu, að auka félagslyndi meðal fólksins

Karl Benediktsson



# Ásar

## Blað U. M. F. Framtíðin

3. árg 1921. 2 tbl.

Hvort er betra að vera ánægður eða óánægður með sjálfan sig

Grein með þessari yfir skrift kom út í félagsblaði okkar síðast liðið vor. Hún er svar við ofan greindri spurningu, og svarið er þannig. „Sá sem er óánægður með sjálfan sig og verk sín hann snýr baki við hæsta tindunum og og hendist ofan fjallshlíðina, en sá sem er ánægður með sjálfann sig og verk sín, hann klífur brattann og nær oft og tíðum að lokum upp hæstu draumsjóna tinda æskumannsins."

Þessari skoðun er ég algjörlega ósamþykkur. Það er ekki af ánægju með sjálfann sig sem maðurinn „klífur brattann" upp hæsta tindinn. Dalbúinn sem er ánægður með útsýnið þrönga og takmarkaða, hann klífur aldrei upp fjallshlíðina til að öðlast víðari sjóndeildarhring.

Nei hann leggur ekki á brattann nema hann sé óánægður með þrengslin í dalnum og hinn takmarkaða sjónhring. Það er ekki eðlilegt að maður inn hafi neina umbóta löngun gagnvart því sem hann er ánægður með. En það er eðlilegt að hann hafi löngun til umbóta á því sem hann er óánægður með, því óánægjan með hvað eina er einmitt sprottin af því að hann sér galla þess.

ser hvað það er langt frá að vera eins og það ætti að
vera. Það er ótalmargt sem menninir hafa fulla
ástæðu til að vera ánægðir með, og þá er það einmitt mjög
óheilbrygt og órétt að þeir séu það ekki
En það að þeir séu ánægðir með brestina og gallana
ánægðir með það sem þeir ættu að vera óánægðir með,
það get eg hvorki kallað holt né heilbrygt.
En þegar menninnir eru ánægðir með sjálfa sig finst
mér þeir vera ánægðir með það sem þeir ættu að vera
óánægðir með, því það eitt sem er fullkomið eigum við
að vera ánægðir með, og hvenær getur nokkur sagt um
sjálfan sig að nú sé honum full farið fram.
Eg held að enginn sem er hreinskilinn við sjálfan sig
segi það nokkru sinni, hlýtur einmitt að finna galla sína
finna hvað hans innramanni er ábótavant og engum
blandast hugur um hvað óhreinskilni við sjálfan sig
er óheilbrygð, og því þá að blekkja sjálfan sig með því að
vera ánægður með sinn ófullkomleik.
Nei óánægjan með sjálfan sig er langt um heilbrigðari
því hún er einmitt rödd okkar eigin samvisku, sú rödd
sem leiðir oss „brautina fram" og tiftar að oss oft og einatt
er vér höfum rangt að hafst
Höf. segir að sá hugsunar háttur sem af óánægunni með
sjálfan sig leiði „steypi árlega mörg þúsund ungra og efni



legra manna út í hyldýpi nautna og ósjálfstæðis"
því ber ekki að neita að margir sem eru óánægðir með
sjálfan sig villast „út í fen og foræði;" en það er ekki sökum
óánægjunnar sjálfrar, heldur þess að þeir óhlýðnast rödd
hennar sem varar þá við þessu er líka þannig varið með
„raddir samviskunnar." Vér erum ekkert betri menn eftir
en áður þó þær bendi oss á það sem ófullkomið er í
vorum innra heimi, ef vér reynum ekki að fullkomna
það. Og þó vér förum villu vegar er vér þver sköllumst
við áminningum hennar, dettur engum í hug að segja
að það sé af því hún áminti oss.
Óánægjan með sjálfan sig, hin tiftandi rödd samviskunnar,
verður því aðeins leiðsögu maður okkar að við viljum fylgja
henni. Sá sem hefur hrapað niður í hyldýpið kemst aldrei
þaðan aftur nema hann sé óánægður með sjálfan sig
óánægður yfir að vera svo djúpt sokkinn, því sá sem er
ánægður með að vera í fjötrum leysist aldrei úr þeim.
Að endingu vildi eg minnast lítillega á eitt atriði í skoðun
Höf. á samviskunni. Hann heldur því fram að vér sjálfir
séum hið góða í oss samviskan„ En eins og hann sjálfur
segir þá er samviskan ekki „ein völd í oss"
Nei það er stöðug barátta í sálum okkar, milli hins góða
og hins illa og það er ekki ávalt að hið góða hafi yfirhöndina
og þó að svo sé þá er það ávöxtur langrar og strangrar

baráttu. Það getur ekki hjá því farið að slík barátta snerti hið dypsta í sálinni og þá hlýtur hún að móta sálar-lífið að miklu leyti, skapa persónugildi einstaklingsins skapa sjálfan hann. Og er það þá rangt að hugsa að vér séum í raun og veru baráttan milli hins góða og illa í sálum okkar. Vér erum ekki fæddir fullkomnir en vér erum fæddir til að verða það. Sá sem er ánægður með sjálfan sig hann nær aldrei að því takmarki.
En hinn sem er óánægður með sjálfan sig og hlýðir þeirri rödd, hann vinnur sigur í baráttunni við hin illu völd og nær „að lokum upp hæstu draumsjónatinda æskudraumsins"

Eiríkur Magnússon

## Nokkur orð um húslestra

Það hefur um langan aldur verið gamall og góður siður hér á landi að lesa húslestra á hverju heimili m.a.k. á föstunni. En svo virðist sem slíkt sé komið úr „móð" svo óhætt má telja að nú sé ekki lesið nema á fjórða eða fimta hverju heimili; það er leiðinlegt að hugsa til þess að jafn fallegur siður skuli vera að leggjast niður
Margir gera gys að húslestrunum og finst þeir vera þýðingar-lausir segja að það sé að eins gamlar kreddur o.þ.u.l.
En það er reynt að húslestrar eru engar kreddur og hafa mikla



þýðingu fyrir heimilin. Það er óneitanlega hátíðleg stund að sitja undir góðum húslestri; sérstaklega ef sungið er til lesturs sem nú er á flestum bæjum einhver svo fær að geta það. – Það er sannfæring mín að húslestrar hafi blessunar-rík áhrif fyrir heimilin og efli samúð og guðsótta
Þessvegna finst mér það skilda allra húsbænda gagnvart hjúum sínum og börnum að láta lesa húslestur þó ekki væri nema á hátíðum og föstunni.
Að hugsa sér að Hallgríms sálmar skuli ekki vera lesnir á hverju heimili einasta íslensku heimili annað eins meistaraverk
Menn vilja lesa og dáðst að öllum snildarlegum skáldverkum og miklast af þeim ef höfundurinn er íslenskur en því þá ekki að lesa Passíusálmana. Er meira meistaraverk til af íslendingi samið jeg veit það ekki með vissu hvert um það. Svo dásamlega yrkir séra Hallgrímur út af píningarsögu frelsarans og heimfærir ýms atriði * upp á atburði úr mannlífinu. Þeir sálmar fyrnast aldrei þótt þeir séu nær því þriggja alda
Þeir eru sannarlega gjöf sem

Róselía G. Sigurðardóttir

# Ásar
## Blað U. M. F. Framtíðin
3 árg. 1921. 5. tbl.

## Um nautgriparæktarfélög

Þegar menn fóru að fá vísindalega þekkingu á eiginleikum arfgengi o.fl. er laut að ræktun búpenings, hefjast hinar svo nefndu kynbætur. Sú búfjártegund sem byrjað var á að kynbæta var nautpeningurinn og hefjast þar kynbætur einkum með nautgriparæktunarfél. Nautgriparæktunarfél. eru stofnuð af kúaeigendum sem halda hver í sínu lagi nákvæmar skýrslur yfir arðsemi kúnna og fóður þeirra.
Fyrsta nautgriparæktunarfél. var stofnað í Danmörk gerðu til þess þau tildrög sem nú skal greina.
Maður að nafni Friðrik Hansen, sem var ríkisráðanautur Dana búsettur í Askov hafði eitt sinn sem oftar kvöldboð sem var skipað af mörgum heldri mönnum borgarinnar. Í kvöldboði þessu vakti frú Hansen máls á því hvort ekki væri tiltækilegt að stofna félag sem starfaði að aukinni ræktun nautpenings. Beindi hún máli sínu aðallega til kvennanna. Þetta leiddi til þess að fundur var haldinn sem tók málið til alvarlegrar athugunar og var það út kljáð á þann veg að nokkrir málsmetandi menn borgarinnar, bundust samtökum



og stofnuðu hið fyrsta nautgriparæktunarfél. sem þegar tók til starfa. Hreifing þessi breiddist svo út til annara landa og nú munu þau vera stofnuð í flestum menningarlöndum álfunnar. Fyrsta hérlent nautgriparæktunarfél. var stofnað af Guðjóni sál. Guðmundssyni ráðanaut i Dalasýslu 1903. Sama ár var einnig stofnað nautgriparæktunarfél. í Árnessýslu o.v. og nú eru 30-40 á öllu landinu.
Eins og áður er sagt eru nautgriparæktunarfél stofnuð af kúaeigendum og fá þau starfsfé sitt með því að leggja ákveðið tillag á hverja kú innan fél. sem vanalega er í kringum kr 1,00 ~~At~~ Auk þess fá þau nokkurn styrk frá Búnaðarfél. Íslands sem getur numið als kr 1,50 fyrir hverja kú félagarnna.
Af fé þessu kostar fél. eftirlitsmann sem fer um fél.svæðið oftast tvisvar á ári, mælir feitimagn mjólkurinnar og gefur ýmsar leiðbeiningar um meðferð kúnna o.s.frv. Sumstaðar veita fél. verðlaun fyrir framúrskarandi meðferð á kúm og er það á verksviði eftirlitsmansins í samráði við stjórn fél., að útbýta þeim.
Sökum þess hve eftirlitsmaðurinn fer sjaldan yfir fél.svæðið getur feitimagn mjólkurinnar aldrei orðið nákvæmt í samanburði við hið raunverulega feitimagn hennar.
Þetta stafar af því að feitimagn mjólkur úr sömu kú er mis jafnt eftir því, hve langt er liðið frá burði.

Fyrst eftir burð vex feiti magnið en minkar svo og verður minst þegar h.u.b. er hálfnaður tíminn frá burði til geld-stöðu þá vex feiti magnið aftur og verður allra mest rétt fyrir geldstöðu tímann. Sé t.d. mjólkurfeitimagn kúnna mælt á þeim tíma, sem feiti % er lægst sýnir feitimagnið lægri % en hið raunverulega feitimagn er.
Hér eru feitimælingar alt of fáar og sýna því oft óábyggi-legar og villandi tölur.
Eins og áður er getið halda kúaeigendur innan fél. nákvæm skýrslur yfir fóður og arðsemi kúnna og nota til þess form eftir Ingimund. sál Guðmundsson. ráðanaut sem þart pren-ut. Skýrslur þessar ná aðeins yfir mjólkurafurðir og fóður þörf kúnna og er það þá aðalhlutverk þeirra að sýna samanburð kúnna hvað mjólkurafurðir snertir til tölulega saman borið við fóðurþörf þeirra. Nú eru kýrnar misjafnar og sumar þola engann samanburð við aðrar í þessu efni og getur það stafað af ýmsum orsökum

Kúnum má því skifta í 2 aðal flokka

1 a. Kýr sem færast á mjólkurskýrslu alt árið
b. Kýr sem eru eldri en að fyrsta kálfi
c. Kýr sem ekki hafa neina sérstaka sjúkdóma, eða ekki hafa orðið fyrir neinum sérstökum óhöppum m ö o. eru alheilbrygðar
2. Kýr sem að einhverju leyti er ábátt á áður talda kosti (a–c)

Eftir þeim feitimælingum sem hér hafa verið gerðar



hefir feiti magnið reynst minst 2,6% og mest 6,5% af meðal-talið mun vera nálægt 3,6%. Þettað er þó líklega ekki hin raunverulega fitu % því útreykningur feitinnar er vanalega ekki rétt framkvæmdur eins og Ingimundur sál. sýnir í mjólkurskýrslu sinni
Fóður kúnna er vegið daglega og fært inn í skýrslurnar þegar þær eru bornar saman sést að mjög mismunandi er hve fóður frekar kýrnar eru, það er sjaldan í miklu samræmi við mjólkur eða feitimagn þeirra
Fullmjólka kýr eyða vanalega 2000–3800 kg af fóðri um veturinn og mjólka frá 800–4500 yfir árið munur lág og há-marks mjólkurmagnsins er því miklu meiri en munur fóðurmagnins og sama er að segja um feitimagnið
Af þessu leiðir því að sumar kýr gefa miklu meiri hagnað en aðrar, og getur sá mismunur verið alt að kr 500,00, þar sem verstu kýrnar gefa 100 kr Tap en þær bestu 380,00 kr gróða
Þessi mikli ágóðamismunur kúnna er eitt af því fyrsta sem nautgriparæktunarfél hafa leitt í ljós og hefir það haft auglósar framfarir í för með sér innan fél. því flest fél. hafa eftir nokkra ára starfssemi eitt öllum sínum verstu kúm og við það fengið meðalmjólkurmagn hærra en áður, og stafar það af því að kýrnar eru orðnar betri og jafnari.
Það er því mjög nauðsynlegt og sjálfsagt, fyrir bændur sem eiga Vondar kýr að ala ekki upp undan þeim kálfa

helder já þá hjá þeim sem betri kýr og betra kyn hafa
Í þessu efni er það sérstaklega nauðsynlegt að hvert fél. skoði sig sem einn mann.
Litt veigamikið atriði hvað kúakynbætur snertir, og sem herlend nautgriparæktunarfél. ekki taka nægilega til greina er val á nautum
Félögin eru fyrst og fremst skeytingarlaus um það að velja góð naut handa þeim kúm sem bestar eru og sem þeirra vegna eru hafðar til undaneldis, því það ætti að vera hverjum manni ljóst að góðnaut hafa ekki minni þýðingu í þessu efni en kýrnar. Enfremur er það oftitt, að nautin séu dauð, áður en sýnilegur árangur af notkun þeirra er fenginn
Í formála fyrir kúaskýrslum sínum, skýrir Ingim. sál notkun þeirra all-ítarlega, og ætti hver og einn að geta fært þær skýrslur eftir þeim skýringum. Þessar skýrslur fást hjá bóksölum, og ætti hver maður að eignast þær og nota, þó hann sé ekki í neinu nautgriparæktunarfél.
Þó skal hér minst á 2. atriði til frekari skýringar
1. Reykningsár kúnna. Það miðast við mánaðamótin okt. og nóv. Í fljótu bragði virðist þetta næsta óeðlilegt, því flest reykningsár miðast annaðhvort við nýár eða 14 mai
En þetta stafar einkum af þrennu:
a: Sá tími er hinn náttúrlegi burðartími kúnna m. ö. o.



voru þær viltar, þá myndu þær bera um það leyti.
b: Flestar kýr hér á landi nál. 40% bera í kringum þann tíma eða í okt. nóv. og fyrst í des.
c: Þær kýr sem bera að haustinu (á umgetnum tíma) mjólka að öðru jöfnu meira, en þær sem bera á öðrum tímum árs. Þetta stafar af því að piðurcellur kúnna hafa því meiri eiginleika til að mynda mikla mjólk en á öðrum tímum árs. En minsta eiginleika hafa þær til að mynda mjólk í sumar mán. ágúst og september.
Þessir eiginleikar piðurcellanna að mynda mesta mjólk um áðurgreind tímabil, eru til orðnir þegar kýrnar voru vilt dýr og báru á sér eðlilegum tíma.
Myndaðist þá sem endranær mest mjólk eftir burðinn og við stöðuga endurtekningu á þessu myndaðist umgetinn eiginleiki sem síðan hefir gengið í erfðir alt fram af alt
Sá hugsunarháttur að kýrnar séu einskonar byrði sem hver og einn verði nauðugur að bera, er nú óðum að hverfa, hafa nautgriparæktunarfél. mest og best stult að því
En hér er sem annarstaðar að. Íslendingar eru seinir til framkvæmda, og eru nautgriparæktunarfél. enn altof óvíða En um leið og þekking á nytsemi kúnna breiðist út meðal almennings, mun mönnum brátt verða það ljóst hve þýðingarmikið það spor er í aukinni rækt og arðsemi nautpenings að stofna nautgriparæktunarfél. því sá tími og það fé

sem til þess gengur gefur margfaldann ávöxt.
Og þegar íslenska þjóðin hefir lært að skilja
hina hagfræðislegu þýðingu kúnna, þá og ekki fyr verða stofnuð
nautgriparæktunarfélög í hverri einustu sveit á landinu
Hólum. í Hjaltadal. 21 jan. 1921.
Guðmundur Jónsson
frá Torfalæk

# Haust og Vor

Ég veit að það er skylda hvers félaga að reyna að inna af
hendi sem best að hver getur alt það sem á hann er lagt
félagsskapnum viðvíkjandi. Þrátt fyrir það þó menn séu
nú færir að uppfylla þær kröfur enda er ekki hægt að búast við
að allir leysi störf sín jafn vel af hendi það sér maður
dags-daglega
Mér hefir oft dottið í hug munurinn á haustinu eða vorinu
því hann er mikill, en tvísýnt er mjög um hvort fegurra
ég hneigist að vorinu. Þá finst mér hugurinn vera svo
léttur og alt svo fagurt og skemtilegt því þá er eins og
alt vakni af þungum dvala sem lagst hefir á af þyngslum
vetrarins
Það er fagurt á vorin einkum kvöldin þegar kyrt veður er
og fuglarnir syngja sína fögru söngva og sólin speiglast



á vötnunum og kastar gullinroða á fjallatindana.
Enda eru það flestir ungir og gamlir sem hlakka til
vorsins en einkum eru það unglingarnir af því vorið er
sá tími, sem ég álít að eigi best við æskuna.
Æskumaðurinn þarfnast þess að hrista af sér vetrardrungann
sem lamar sálina ef ekki kemur eitthvað sem liftir
huganum hærra
Haustið finst mér hafa alt önnur áhrif á manninn.
alt fyrir það þó eitt með okkar mestu skáldum hafi tekið
það til fylsta jafnaðar við vor fegurðina
Því vil ég óska þess að okkar litla félag líkist vorinu.
Það eflist og blómgist sem vorgróður

A. Guðrún Guðmundsdóttir

# Fyrsti sólargeislinn

Við höfum öll heyrt
getið um þá staði hér á landi sem sól sér ekki lang-
ann tíma vetrarins jafn vel fjóra til fimm mán.
En ég býst við að fá okkar þekkji þettað greinilega af eigin
reynslu, því hér á Ásum er það ekki nema stuttur
tími sem ekki sér sól og á sumum stöðum sést hún
alla daga þegar heiðskýrt er veður
Flestum mun leiðast þessi tími hvort sem hann er

nú lengur eða styttur. Sólarleysið deyfir og lamar bæði menn og skepnur og alt umhverfið verður kaldara og drungalegra
Það er ekki gott með orðum að lýsa tilfinningum manna þegar þeir sjá fyrsta sólargeislann eftir svartasta skamm-degi ársins en áreiðanlega vekur það hlýjar tilfinningar og bjartar vonir hjá allflestum
Líkt er þessu varið með manssálina þar er ekki allaf sól og sumar vor og ylur; nei þvert á móti, þar er líka skammdegi já kolsvart skammdegi stundum svo svart að hvorki tungl né stjörnur lýsa á þeim himni. Skuggar þessir koma af ýmsum ástæðum og oft eru þeir meira eða minna manninum sjálf-um að kenna þó að það sé raunar ekki betra þegar út í það er komið því fátt er eins kveljandi eins og sjalfsásakanir
Þettað er ömurlegur tími. stundum varia hann stutt stundum aftur lengi, en það er máttur ljóssins að sigra myrkrið og fyr eða síðar skyn sólin og eiðir myrkrinu. Þessir geislar eiga oft í fyrstu ógreiðan gang að hjörtum manna því margir halda heljar tökum i svörtustu skyin eins og þau væru dýrgripir sem fyrir engann mun mætti glatast
En fáir halda svo fast að þeir verði ekki að lina til



muna á tökunum eða sleppa þeim alveg og áreiðan-lega eru þess ekki fá dæmi að eftir svartasta myrkrið koma hinir björtustu geislar
Hvaða afleiðingar skyldi þettað svo hafa?
Afleiðingarnar eru að vísu mismunandi eins og alt annað en það er þrens sem óhætt er að hafa hugfast
1 Væri ekki til vetur væri heldur ekki til sól.
2 Væru ekki til skuggar þektum við ekki gildi sólarinnar.
3 Væru ekki til sorgir væri heldur ekki til gleði.
Fáir óska eftir mótlæti lífsins og er það raunar eðli-legt en mitt álit er það að of mikið meðlæti sé hættulegra fyrir þroska mansins en of mikið mótlæti.
Og sá sem ekki þekkir báðar hliðar lífsins hann kann heldur ekki að meta gildi þess

Kristjan Benediktsson
Hali

# Efnisyfirlit 3. árgangs


| Efnisyfirlit 3. árgangs | Blaðsíðutal | Nöfn |
|---|---|---|
| Á víð og dreif . . . . . . . . | 94 | Guðm. Sigurðsson |
| Er lífið forlög frívilji o. s. frv. | 97 | Sigtrg. Benediktsson |
| Félagsskapur . . . . . . . . | 102 | Karl Benediktsson |
| Hvort er betra að vera ánægður eða . . | . . . . | . . . . . . . . . . . |
| óánægður með sjálfann sig . . | 105 | Eiríkur Magnússon |
| Nokkur orð um húslestra . . | 108 | Rosalía J. Sigurðardóttir |
| Um nautgriparæktarfélög . . | 110 | Guðm. Jónsson |
| Haust og vor . . . . . . . | 116 | Á. Guðrún Guðmundsdóttir |
| Fyrsti sólargeislinn . . . . | 117 | Kristján Benediktsson |


Jón Einarsson



# Ásar

## Blað U.M.F. Framtíðin

4 Árgangur 1922.

Ritstj. Jón Einarsson